

## **225. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. júlí 2024, í Flatey**

**Mætt frá Breiðafjarðarnefnd:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

**Forföll:** Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson, og Arnheiður Jónsdóttir.

**Mætt á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis:** Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Steinar Ingi Kolbeinsson, aðstoðarmaður ráðherra. Magnús Guðmundsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og eftirfylgni í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 16.30.

### **1. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2023**

Breiðafjarðarnefnd vann starfsskýrslu ársins 2023 fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

#### **Afgreiðsla:**

Formaður Breiðafjarðarnefndar fór yfir helstu verkefni og aðgerðir nefndarinnar á árinu 2023. Í kjölfarið ræddu fundarmenn um vinnu Breiðafjarðarnefndar 2023 og fram undan.

### **2. Áform um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar**

Breiðafjarðarnefnd sendi ráðherra greinargerð um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi í febrúar 2024.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ræddu áform Breiðafjarðarnefndar um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Ráðherra sagði frá því að greinargerðin hefði verið send fagstofnunum til umsagnar, þar á meðal Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, nú Náttúrufræðistofnun, og Hafrannsóknastofnun. Svo greindi hann frá áliti ráðuneytisins á tillögunni. Á heildina litið var tekið jákvætt í tillöguna en eftir stendur að útfæra það betur og afla fjármuna til að láta verkefnið verða að veruleika. Breiðafjarðarnefnd mun hafa frumkvæði að því og mun leggja tillögur fyrir ráðherra síðar á árinu.

### **3. Önnur mál**

Rætt var áfram um nokkur málefni Breiðafjarðar á borði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, sérstaklega um stýrihóp vegna framtíðar Breiðafjarðar, sem skilaði niðurstöðum til ráðherra sama



dag og vettvangsferð nefndarinnar, og hugmyndir um stofnun þjóðgarðs í Dölum. Breiðafjarðarnefnd er meðvituð um bæði áformin og hefur áður rætt málið við ráðherra.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur. Nákvæm dagsetning hefur ekki verið ákveðin að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.